

Reykjavík, 26.09.2023
/esBorgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík**Efni: Svar við fyrirspurn um birtingu fundargerða MSS23010018**

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist ósk um umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um birtingu fundargerða stjórnar fyrirtækisins, sem lögð var fram í borgarráði þann 14. september 2023.

Eftirfarandi er umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um málið:

Á fundi borgarráðs þann 17. apríl 2023 var m.a. samþykkt heimild til hækkunar hlutafjár Ljósleiðarans ehf. um allt að kr. 3.250.000.000,- að nafnverði þ.e. 33,33% af heildarhlutafé félagsins. Jafnframt var samþykkt að val á aðferðarfræði og umbúnaði við útgáfu nýs hlutafjár yrði undirbúin á ábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnar hennar og yrði borgarráði kynnt áformin.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnendur fyrirtækisins fjölluðu um aðferðarfræði og umbúnað við útgáfu nýs hlutafjár á stjórnarfundum 22. maí (SF 335), 31. maí (SF336), 26. júní (SF 337), 14. ágúst (SF 338), 28. ágúst (SF 339) og 15. september sl. en samþykkti ekki endanlega tillögu fyrr en á síðastnefnda fundinum. Þar sem um viðskiptaupplýsingar fyrirtækis á samkeppnismarkaði og með skráð skuldabréf í kauphöll er að ræða samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samhljóða á fundi sínum þann 28. ágúst að „fresta birtingu fundargerða SF 336, 337, 338 og 339 þar til ákvörðun liggur fyrir“.

Fundargerðirnar voru birtar á heimasíðu fyrirtækisins mánudaginn 18. september sl., en endanleg ákvörðun um hlutafjárukningu Ljósleiðarans var, eins og áður segir, tekin síðdegis föstudaginn 15. september sl.

Virðingarfyllt,



Elín Smáradóttir,
ritari stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur